

REGLUGERÐ

um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna.

1. gr.

Landinu er skipt í 27 stjórnsýsluumdæmi. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins, lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík:*
Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Akranesi:*
Akranes.
3. *Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:*
Hvalfjarðarstrandahreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhlíðahreppur, Norðurárdalshreppur, Staðholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarnes, Álftaneshreppur og Hraunhreppur.
4. *Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi:*
Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurreppur, Neshreppur, Ólafsvík, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmur og Skógarstrandahreppur.
5. *Umdæmi sýslumannsins í Búðardal:*
Suðurdalahreppur, Haukadalahreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandahreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.
6. *Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði:*
Reykhólahreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðahreppur og Bíldudalshreppur.
7. *Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík:*
Bolungarvík.
8. *Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði:*
Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Suðureyrarhreppur, Ísafjörður, Súðavíkurreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðahreppur, Nauteyrarhreppur, Sléttuhreppur og Snæfjallahreppur.
9. *Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík:*
Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
10. *Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi:*
Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduós, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
11. *Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:*
Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur og Fljótahreppur.
12. *Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði:*
Siglufjörður.
13. *Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði:*
Ólafsfjörður.

14. *Umdæmi sýslumannsins á Akureyri:*
Grímseyjarhreppur, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.
15. *Umdæmi sýslumannsins á Húsavík:*
Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdalahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdalahreppur, Aðaldalahreppur, Reykjahreppur, Húsavík, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
16. *Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði:*
Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðir, Fellahreppur, Tunguhreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjörður.
17. *Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað:*
Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
18. *Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði:*
Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
19. *Umdæmi sýslumannsins á Höfn:*
Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Höfn, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
20. *Umdæmi sýslumannsins í Vík:*
Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.
21. *Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:*
Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
22. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*
Vestmannaeyjar.
23. *Umdæmi sýslumannsins á Selfossi:*
Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerði og Ölfushreppur.
24. *Umdæmi sýslumannsins í Keflavík:*
Grindavík, Hafnahreppur, Sandgerði, Gerðahreppur, Keflavík, Njarðvík og Vatnsleysustrandarhreppur, þó ekki svæði sem falla undir lið 25.
25. *Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli:*
Svæði á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og sýnd eru á uppdrætti er fylgir reglugerð þessari.
26. *Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði:*
Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur.
27. *Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi:*
Kópavogur.

2. gr.

Par sem mörk milli stjórnsýsluumdæma eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður dómsmálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður dómsmálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann (lögreglustjóra, tollstjóra í Reykjavík).

3. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera útibú frá sýslumannsembættum:

1. Ólafsvík.
2. Dalvík.
3. Vopnafirði.
4. Egilsstöðum.
5. Grindavík.
6. Garðabæ.

Með útibúi skv. 1. mgr. er átt við skrifstofu þar sem veitt er þjónusta frá sýslumanns-embættum og skrifstofutími er a.m.k. fjórar klukkustundir að jafnaði virka daga.

4. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera útibú lögreglu:

1. Ólafsvík.
2. Grundarfirði.
3. Dalvík.
4. Raufarhöfn.
5. Þórshöfn.
6. Vopnafirði.
7. Egilsstöðum.
8. Fáskrúðsfirði.
9. Grindavík.

Með útibúi lögreglu er átt við lögregluvarðstofu utan aðalstöðvar lögreglu þar sem starfar a.m.k. einn lögreglumaður.

5. gr.

Í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík skulu vera lögregluvarðstofur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra hverju sinni eftir tillögu lögreglustjóra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sýslumanns, hvaða þjónusta er veitt í útibúum.

7. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns ber að færa aðalbókhald vegna fjárgreiðslna sem eru mótteknar eða inntar af hendi í útibúum. Í útibúum ber þó að halda sjóðbók og skal uppgjör við aðalskrifstofu sýslumanns fara fram daglega.

Á aðalskrifstofu sýslumanns ber að halda skrá yfir mál sem afgreidd eru í útibúum. Skjöl yfir afgreidd mál ber að varðveita á aðalskrifstofu.

Beiðnir um fullnustugerðir ber að afhenda á aðalskrifstofu sýslumanns.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 11. og 13. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorleifur Pálsson.

Fylgiskjal:**Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.**

Varnarsvæði á Suðurnesjum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.

